

Rangárþing ytra
b.t. Har. Birgir Haraldsson
Skipulags- og byggingafulltrúi
Suðurlandsvegur 1-3
850 Hella

Hella 4. apríl 2018
UST201802-153/J.S.J.
10.04.03

Umsögn Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi Bjálmholts og Beindalsholts í Rangárþingi ytra


Vísað er til erindis skipulags- og byggingafulltrúa Rangárþings ytra er barst 14. febrúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi fyrir landspildurnar Bjálmholt og Beindalsholt í Rangárþingi ytra.


Fram kemur í tillögu að deiliskipulagi að svæðin eru samtals 13,6 ha., annars vegar 11,7 ha. spilda Bjálmholts, landnr. 216675 og hinsvegar 1,75 ha. spilda Beindalsholts 2., landnr. 194944. Báðar spildurnar eru úr landi Bjálmholts landnr. 165072. Staðsetning nýrra bygginga er frjáls innan byggingareita. Efnisval skal vera vandað og verða byggingar felldar sem best að landi og því byggingamynstri sem fyrir er. Vanda skal frágang bygginga, bílastæða og annarra lóðaframkvæmda. Einnig kemur fram í tillögu deiliskipulagsins að allar nýbyggingar verði utan ræktaðs lands og í góðum tengslum við núverandi vega- og veitukerfi.

Umhverfisstofnun tekur undir með tillögu deiliskipulags að byggingar verði felldar sem best að landi og því byggingamynstri sem fyrir er, til að lágmarka neikvæð sjónræn áhrif þeirra. Einnig að vandað verði til verka varðandi frágang bygginga, bílastæða og annarra lóðaframkvæmda.

Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemd við ofangreinda deiliskipulagstillögu.

Virðingarfyllt


Jón Smári Jónsson
Sérfræðingur


Kristín S. Jónsdóttir
Sérfræðingur